

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1477/2007

2009/EES/25/59

frá 13. desember 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsslugi⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, þegar þörf krefur, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd⁽²⁾ var fyrsta gerðin þar sem mælt var fyrir um slíkar ráðstafanir.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 622/2003, um takmarkanir á heimiluðum vökva farþega, sem koma með flugi frá þriðju löndum og hafa flugskipti á flugvöllum Bandalagsins, eru háðar endurskoðun í ljósi tæknipróunar, afleiðinga sem þetta getur haft á rekstur flugvalla og áhrifa á farþega.
- 3) Slík endurskoðun hefur sýnt að takmarkanir á heimiluðum vökva farþega, sem koma með flugi frá þriðju löndum og hafa flugskipti á flugvöllum Bandalagsins, skapa vissa rekstrarerfiðleika á þessum flugvöllum og valda viðkomandi farþegum óþægindum.

- 4) Framkvæmdastjórnin hefur einkum athugað tilteknar flugverndarreglur á flugvelli í þriðja landi og talið þær fullnægjandi og það land hefur hingað til starfað í góðri samvinnu við Bandalagið og aðildarríki þess. Á grundvelli þess hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að grípa til aðgerða til að greiða úr framangreindum vandamálum ef um er að ræða farþega með vökva sem þeir hafa fengið á þeim flugvelli.
- 5) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru ekki meðal þeirra sem, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002, skulu vera leynilegar og ekki birtar.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsslugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda ekki varðandi leynd yfir þessum viðauka.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 64, 23.10.2008, p. 16.

(¹) Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1).

(²) Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 915/2007 (Stjtið. ESB L 200, 1.8.2007, bls. 3).

VIÐAUKI

Í stað 3. fylgiskjals komi eftirfarandi:

„3. fylgiskjal

Singapúr

Changi-flugvöllur.“
